

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 13. desember 2022  
UST202211-279/B.S.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - efnavinnsla við Vík. Umsögn**

Vísað er til erindis Mýrdalshrepps dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Um er að ræða tímabundið verkefni sem felst í sandnámi í fjöruborði og verður sandurinn unninn frekar á skilgreindri iðnaðarlóð nærri Uxafótarlæk. Gert er ráð fyrir að taka milli 10.000 til 25.000 m<sup>3</sup> af sandi til vinnslu og verður hann að vinnslu lokinni fluttur líklegast til Þorlákshafnar og skipað út þar.

Hér er um fremur litla aðgerð að ræða á svæði þar sem efnistökusvæðið mun jafnast út nánast jafnóðum. Vinnslusvæðið er á sandi sem hefur verið græddur upp með lúpínu og grösum. Ef ekki verður af frekari vinnslu á að vera auðvelt að ganga frá iðnaðarlóðinni þannig að ummerki verða hverfandi.

Hér er gert ráð fyrir flutning á jarðefnum en í allt öðrum mæli en efnistaka á Mýrdalssandi, svo dæmi sé tekið. Ef af frekari vinnslu verður og flutningar efnis um Hringveginn verða miklir ætti að skoða umhverfisáhrif efnisflutninga frá iðnaðarlóð ef til mats á umhverfisáhrifum kemur.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*